

84. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 20. janúar 2026, kl. 15:00 á fjarfundi.

Mættir: Jón Kort Ólafsson formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Rósa Jónsdóttir, Katrín Freysdóttir, Þórarinn Hannesson fulltrúi kennara, Haukur Rúnarsson fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Íris Hauksdóttir mætti ekki og boðaði ekki forföll.

Dagskrá

1. Stefnumótun varðandi menningarlíf

Skólameistari fól Þórnari Hannessyni fulltrúa kennara að segja frá því hvernig stefnu um menningarlíf frá 2023 hefur verið fylgt eftir. Þórarinn er menningarfulltrúi skólans. Ekki hefur þótt ástæða til að endurskoða stefnuna þar sem einkunnarorð skólans, frumkvæði, sköpun og áræði, koma vel fram og endurspeglast í viðburðum. Þórarinn fór yfir þá viðburði sem haldnir hafa verið og tengingu við menningarstarfsemi í samfélaginu.

2. Námsframboð skólans

Aðstoðarskólameistari fór yfir námsframboð skólans á vorönn 2026. Alls eru 62 áfangar í boði, þar af 6 nýir. Það eru ENSK3HM05 (Breskur húmor, tungumál og menning), ERLE2HM05 (erlent samstarfsverkefni, Að brúa huga og menningu gegnum sögur), FÉLA2HH05 (Hlaðvörp - hlustun og hugsun), ÍPRG1EI03 (Einstaklingsíþróttir), KVIK1KV05 (Kvikmyndir frá ýmsum löndum) og SAGA3GR05 (Saga fornaldar).

3. Niðurstaða náms á haustönn

Aðstoðarskólameistari fór yfir niðurstöður náms á haustönn 2025. Í upphafi annar voru 556 nemendur skráðir og þann 20. desember útskrifaðist 31, 13 af félags- og hugvísindabraut, 12 af kjörnámsbraut, 3 af listabraut - myndlistasviði og 3 af stúdentsbraut að loknu starfsnámi. Þá hafa 709 nemendur útskrifast frá upphafi. Á haustönn skilaði skólinn 129 ársnemendum en á vorönn 2025 voru þeir 128. Ársnemar fjárhagsársins eru því 257. Meðaleinkunn allra námsgreina með tölueinkunn var 6,6 sem er svipað og verið hefur síðustu annir. Að meðaltali náðu 82% nemenda áföngum sem er eins og á síðustu vorönn. Brottfall jókst hins vegar og var nú 8%. Hópanýting var að meðaltali 97%.

4. Innritun og upphaf annar

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir upphafi vorannar. Tveimur vikum eftir upphaf annar eru skráðir nemendur 613 og þar af 526 með skólann sem aðalskóla. Alls voru samþykktar 274 nýjar umsóknir og 54 var hafnað. Fjarnemar eru 542.

5. Erlend og innlend verkefni

Skólameistari sagði frá verkefnum sem eru í gangi og sýndi ferðaskipulag skólaársins. Um er að ræða styrkverkefni frá Erasmus og Nordplus. Þessi verkefni hafa lítil sem engin áhrif á kennslu þar sem kennarar halda uppi kennslu þótt þeir fari í burtu. Þrír kennarar eru farnir á Bett í London og nemendahópur fer til Eistlands í næstu viku. Er það liður í sama verkefni og hefur verið í gangi. Verið er að undirbúa áfanga fyrir listanemendur þar sem farið verður í ferðalag til Gautaborgar til að kynna sér listir og

listasöfn. Einnig er verið að vinna nýjar umsóknir fyrir næsta skólaár.

6. Önnur mál

Fjárukalög - áhrif á fjárhag

Skólameistari fór yfir að á síðasta fjárhagsári hefði verið unnið markvisst að því að halda skólanum innan marka fjárhagsramma. Það gekk upp en nú hefur komið í ljós hvaða áhrif fjárukalög hafa haft á fjárhag skólans. Þetta var ekki fyrir séð en skólinn fékk mun meira en gert var ráð fyrir.

Langveikir nemendur

Skólameistari greindi frá því að langveikum nemendum við skólann hefði fjölgað. Það liggur því fyrir að móta verkferla varðandi utanumhald og stuðning við þessa nemendur.

Íslenska sem annað mál

Skólinn hefur boðið upp á ÍSAN-áfanga undanfarin ár. Nú ber svo við að byrjendaáfangi hefur fyllst og stór hluti nemenda býr í Fjallabyggð. Í tengslum við ÍSAN-kennsluna hefur tekist samstarf við Brimsali og Idu sem fékk styrk vegna fjölmennningar í Fjallabyggð. Umræður urðu um hversu mikið gildi slíkt starf hefur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:50.